

Nd.

110. Frumvarp

til laga um sameining Árnassýslu og Rangárvallasýslu.

(Frá sparnaðarnefndinni).

Flutningsm.: Stefán Stefánsson og Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Arnessýsla og Rangárvallasýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Arnes- og Rangárvallasýsla.

2. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameining sú, sem geit er ráð fyrir í lögum þessum, komist á svo fljótt, sem kostur er á.

A s t æ ð u r .

Sameining þessi virðist engu ótíltækilegri en sameining Dala- og Strandasýslu og fjárhagslegar ástæður eru hinar sömu fyrir báðum sameiningunum.
Nánara í framsögu.